Árið 1959 13 júní var aðalfundur Hestamannafélagsins "Glaður" haldinn að Nesodda mættir voru 9. félagar

1. Formaður setti fundinn og bauð menn velkomna 2. Gjaldkeri las upp reikning félagsins frá árinu 1958 og var hann samþykktur einróma

3. Lesið upp bréf frá Risti Einarssyni Neðra-Hundadal. Þar sem hann segir sig úr félaginu, og biður félaginu allra heilla. 4. Rætt var um graðhest félagsins. og ákveðið að koma honum í girðinguna hjá Glerárvöllum svo framt að leyfi fáist hjá landeiganda. 4. Þeim falið að gjöra við girðinguna hjá Glerárvöllum Ágústi Kirkjuskógi og Albert Tjarnarkoti úr

5. Guðm. Kolsstöðum falið að hafa eftirlit með hestinum meðan hann er í girðingunni.

6. Gísla í Borgarstaðahlíð og Magnúsi á Hrafnabjörgum falið að sjá um að koma girðingunni á Rangársdal í vor.
7. Ákveðið var að halda skemtun 5 júlí n. k.
8. Albert á Copsstöðum og Ágústi í Kirkjuskógi falið að sjá um viðgerð á öllum girðingum kringum Nesodda og Skriðvöll.
9 Kosin til að sjá um dansinn á skemtunni Gunnar Jósefsson Magnús Hrafnabjörgum Guðm. Hólm- són á Saurstöðum.
10 Kosin til að sjá um hestana í girðingunni ~~Pálmi í Breiðsdal~~ Guðbjörn Hamri. og Guðm. Gilsbakka.
11. Sóni Ólafssyni falið að sjá um merkjasölu að skemtuninni

og með honum Sæti Kjartansson
Ketil Sumarliðahóli Hjörtur Vífilsdal
Óskar Sumrhóli.
12. Til að selja merki að dansinum
Pálmi Snóksdal og Jónas Benediktsson
13. Samþykkt var að hafa sama fyrir.
komulag með veitingar á skemtuninni
og var á síðasta ári.
14. Kosinn til að vara hestana
Jón Jósefsson og til vara Gunnar Jósefsson
15. Kosnir í dómnefnd þeir sömu
og síðastliðið ár.
16. Endurskoðendur kosnir Friðj. Bæ.
og Pálmi Snóksdal.
17. Í stjórn félagsins kosnir þeir
sömu og síðastliðið ár
og varamenn þeir sömu líka.
Upplesið samþykkt
Fundi slitið Baldvin Þórarinsson Gísli Þorst.
Albert Finnbogason